



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Gullborg

### Starfsáætlun 2019 – 2020



#### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2 Innra mat.....	7
2.1 Innra mat Guludeildar .....	7
2.2 Innra mat Bláudeildar .....	13
2.3 Innra mat Rauðudeildar.....	16
2.4 Innra mat Grænudeildar .....	21
3 Ytra mat.....	23
3.1 Ytra mat fagskrifstofu leikskólasviðs .....	23
3.2 Viðhorfs könnun meðal starfsmanna .....	26
4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla .....	29
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	29
6 Foreldrasamvinna .....	31
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	32
8 Fylgigögn .....	33
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	33
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	33
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	33



## Leiðarljós leikskólans:

Barn sem hefur sterka sjálfsmynd og trú á eigin getu verði virkur þátttakandi í að velja og hafa áhrif á nám og umhverfi sitt.

- Að barnið öðlist sjálfsöryggi (það sem barnið er) og sjálfstraust (það sem barnið lærir) og að þetta tvennt haldist í hendur.
- Að barnið öðlist virðingu og viðurkenningu og læri að treysta á eigin verðleika.
- Að barnið finni öryggi, kunni að sýna frumkvæði og að taka tillit til annarra.
- Að barnið öðlist færni í að þekkja sínar eigin tilfinningar og skoðanir, setja öðrum mörk og að koma þeim á framfæri og taka á móti skoðunum annarra.
- Að barnið öðlist færni, leikni og getu til að afla sér nýrrar þekkingar, tækifæra til breytinga og að hafa áhrif á námsumhverfi sitt.
- Að barnið finni að það er virkur þátttakandi í að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem auka hæfni í mótun sjálfsmyndar.

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Það voru nokkrir þættir sem höfðu hvað mest áhrif á starf leikskólans 2018-2019 en það voru, ytra mat sem framkvæmt var í september 2018 af starfsfólki fagskrifstofu Reykjavíkurborgar, ný menntastefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030 „Látum draumana rætast“ sem kom út í nóvember 2018, námsferð starfsmanna til Brighton í maí 2019, líðan og velferð barna í Gullborg, líðan og starfsánægja, vinnuumhverfi og vinnuaðstaða starfsmanna í Gullborg.

Markmið með ytra matinu er að niðurstöður verði leiðbeinandi, framfara og umbótamiðaðar og stuðli að betra leikskólastarfi í Gullborg. Niðurstöður ytra matsins sýndu að í Gullborg er leikskóla starfið til fyrirmyndar, áhersla er lögð á líðan, samskipti og heilbrigði barna og birtist það í stefnu leikskólans, verkefnum og samskiptum starfsmanna og barna. Stjarna fylgdi í kjölfarið

Við erum mjög ánægð með niðurstöðurnar og eins og sést í umbótaáætlun leikskólans 2019-2020 speglast þessar niðurstöður í starfinu fyrir næsta vetur. Niðurstöður úr ytra matinu er á [heimasíðu leikskólans](#).



Ný [menntastefna](#) Reykjavíkur kom út í nóvember á síðasta ári en hún nær til ársins 2030.

Hún byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Stefnan byggir á fimm grundvallarpáttum sem eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði.

Reykjavíkurborg hefur lagt mikla áherslu á að kynna vel þessa áætlun fyrir starfsfólk skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Lögð er mikil áhersla á að leikskólar, grunnskólar og frístund vinni saman að þessum grundvallarpáttum. Gullborg, Grandaborg og Ægisborg ætla í samstarfsverkefni sem snýr að sjálfsefningu barna og starfsmanna. Við höfum fengið fræðslusetrið [KVAN](#) til að sjá um að leiða og fræða starfsmenn leikskólanna og í þessari vinnu. Leikskólarnir taka einn sameiginlegan skipulagsdag í fræðslu og aðra tvo starfsdaga fyrir hverja starfsstöð fyrir sig. Einnig verður sameiginlegur fundur með foreldrum allra leikskólanna sem KVAN mun stýra.

Ég verð að segja að þessi menntastefna er skýr og vel fram sett og auðvelt er að vinna eftir. En starfið í Gullborg hefur að öllu leyti snúist um að efla sjálfsmynd barna sem hefur einnig áhrif á sjálfs eflingu og félagsfærni og tel ég að við séum með mjög mikla reynslu til að framfylgja þessum grundvallarpáttum. Hlakkar okkur til að fara í þetta samstarfsverkefni með Grandaborg og Ægisborg og veit ég að við munum örugglega eiga eftir að vinna enn frekar saman að innleiðingu þessarar menntastefnu í framtíðinni.

Minn draumur er að frístundamiðstöðvar, leik-, grunn- og gagnfræðaskólinn í Vesturbænum vinni saman að þessari menntastefnu til 2030.

Snemma að vori 2018 var byrjað að huga að og skipuleggja námsferð fyrir alla starfsmenn í Gullborg. Gegnum árin hefur ætíð verið starfandi ferðanefnd í Gullborg sem heldur utan um námsferðir fyrir starfsmenn sem farnar eru á 4ra ára fresti. Í ár var einn starfsmaður sem sá að mestu leyti um þessa skipulagningu en það var hún Erna Aðalsteinsdóttir, deildarstjóri og þroskaþjálfari, og á hún mikið hrós skilið fyrir það.



Eftir nokkrar vangaveltur var ákveðið að leita til hennar Kristínar Wallis hjá Vikingur – Educational trips, en hún hefur mikla reynslu af því að skipuleggja námsferðir fyrir leik- og grunnskóla til Brighton.

Dagskrá og fyrirkomulag lá fyrir í febrúar. Ánægjulegt var að 21 starfsmaður af 24 fóru í þessa ferð. Einn starfsmaður var í fæðingarorlof og tveir áttu ekki heimangengt í ferðina, [sjá skýrslu](#)

Í umbótaáætlun leikskólans á síðasta ári settum við okkur það markmið að huga betur að líðan og velferð barna í Gullborg út frá viðmiðum og vísbendingum frá innra mati. Ég tel að vel hafi tekist, en alltaf má gera betur eins og sést á umbótaáætlun hvernar deildar fyrir sig. Okkur er umhugað að líðan og starfsánægja starfsmanna sé vaxandi í Gullborg. Í

starfsmannakönnun sem gerð var í janúar 2019, kemur fram að við höfum staðið í stað, sem er góður staður til að vera á. Engan marktækan mun má greina í þáttum könnunarinnar, unnið verður áfram að krafti að auka líðan og starfsánægju starfsmanna í Gullborg.

Þó nokkur vinna hefur farið í að reyna bæta vinnuumhverfi og vinnuaðstöðu starfsmanna í Gullborg og höfum við reynt að vinna með það sem við höfum. Teiknaðar hafa verð upp breytingar á húsnæðinu til að bæta starfsmanna aðstöðuna. En í þeim teikningum breytist húsnæðið þar sem Guladeild er núna í starfsmanna aðstöðu. Þar verður fundaraðstaða, betri vinnuaðstaða og tvö starfsmanna salerni. En nú sem stendur er aðeins eitt starfsmanna salerni. Nú bíðum við eftir að Reykjavíkurborg samþykki þessar teikningar. En þessar breytingar munu kosta það að fækka þarf börnum í Gullborg til að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna. Við lifum í voninni að þetta muni ganga fljótt í gegn og framkvæmdir hefjist sem fyrst.

Á næsta ári ætlum við að gera mun betur í að flokka sorp og huga betur að umhverfismennt. Starfsmannahald var nokkuð gott á síðasta ári, fjölbreyttur hópur með mikla reynslu og mikinn metnað að börnum og foreldrum líði vel í Gullborg, fyrir það vil ég þakka ! Mikið var um langvarandi veikindi og það mest hjá fagfólkinu okkar sem hefur unnið í mörg ár í Gullborg. Ekki hefur okkur tekist að bæta við okkur leikskólakennurum en við fórum að horfa betur inn á við og hvetja okkar fólk til að mennta sig í leikskólakennarafræðum. Það horfir til betri vegar, ein er þegar í fjarnámi í leikskólakennarafræðum, ein byrjar í haust í framhaldsnámi í leikskólakennarafræðum, ein er á fagnámskeiði leikskóla hjá MÍMIR og ein er í framhaldsnámi í grunnskólakennarafræðum.



Við vorum svo heppin að umsókn okkar um að vera í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur 2019-2020 var samþykkt. Börnin á Grænudeild munu taka þátt í því samstarfi. Samstarfið mun standa frá 2. september til 25. nóvember og svo frá 6. janúar til 18. maí.

Markmiðið með samstarfinu er:

- a) Að styðja við og dýpka enn frekar þá myndlistarkennslu sem fer fram innan leikskólans.
- b) Að kynna starfsaðferðir og nálgun myndlistarmannsins fyrir leikskólabörnum.
- c) Að gefa leikskólabörnum kost á að kynnast vinnuumhverfi í sér útbúnum myndlistarskóla.
- d) Að kynna vinnubrögð sem viðhöfð eru í myndlistarnámi fyrir stjórnendum og kennurum.
- d) Að víkka sjóndeildarhring leikskólabarna gegnum sjónræna skynjun og persónulega listræna tjáningu.
- e) Að auka hæfni leikskólabarna til að beita skapandi aðferðum við fjölbreytta verkefnavinnu.



## 2 Innra mat

Innra mat leikskólans tók miklum breytingum frá síðasta ári. En leikskólinn var svo heppinn að vera valinn í ytra mat, en það er unnið af fagskrifstofu leikskólasviðs Reykjavíkur. Við vorum því að vinna með umbótaþætti út frá ytra matinu með fram því að vinna með þá umbótaþætti sem komu úr innra matinu okkur fyrir ári. Það var því mikið um að vera í innra og ytra mati á leikskólanum þetta skólaárið. Langtímaáætlun innra mats raskast ögn að sökum ytra mats og vinnu í kring um það. Niðurstöður innra mats í ár fáum við út frá ytra matinu og er greint ítarlegra frá því í kafla 3.

### 2.1 Innra mat Guludeildar

Starfsmannahald á Guludeild hefur verið dálítið breytilegt vegna veikindaleyfa starfsmanna. Vinnan að umbótaþáttunum var því ekki alveg jafn góð og við hefðum viljað en góð samt.

Yfir árið hafa verið 3-4 starfsmenn á deildinni með 11 börn. Núna eru hins vegar 12 börn á deildinni og fjórir starfsmenn. 9 börn er sem eru fædd 2016, 2 börn fædd 2017 og 1 barn fætt 2018. Ekkert barn er með sérstakan stuðning en það eru þrjú börn sem eru í markvissri málörvun.


**Virðing og samkennd ríki á milli barnanna:** Það hefur gengið vel að auka virðingu og samkennd á milli barnanna. Við settum okkur þau viðmið að börnin gætu leikið sér saman eða nálægt hvort öðru án þess að lenda í samskipta örðugleikum við hvert annað.

Viðmiðið var að auka vellíðan barnanna og finnst okkur því hafa verið náð. Börnunum líður vel og eru samskipti þeirra allt önnur. Við teljum því að þessum umbótaþætti sé náð en höldum áfram að skoða vellíðan barnanna á deildinni.

**Auka vellíðan barna í samverustundum:** Samverustundir hafa tekið miklum breytingum og líður börnunum mun betur í samverustundum. Börnin hafa meira úthald, þau fá meira val um hvað er gert í samverustundum og taka betri þátt í því sem er gert í samveru. Við teljum því að þessum umbótaþætti sé náð í bili.



**Leita eftir hugmyndum barnanna:** Markmiðið var fá fleiri hugmyndir frá börnunum, leyfa þeim að ráða t.d. nöfn á matarborðin okkar.



Markmiðið var líka að leyfa börnunum að koma almennt meira að skipulagningu starfsins.

- **Styrkleikar:**

Börnin hafa ákveðið nöfn á borðin og eru þau komin upp á vegg og myndir.

Við teljum að þessum þætti sé ekki alveg lokið og viljum gefa börnunum betri og fleiri tækifæri til að koma sínum hugmyndum á framfæri.

- **Tækifæri til umbóta:** Framkvæma hugmyndir barnanna

**Auka val barnanna í frjálsum leik:** Það gekk mjög vel að leyfa börnunum að ráða aðeins meira hvað við gerum og leikum með í frjálsa leiknum. Leikföng hafa verið færð meira niður í hæð barnanna og hafa þau val um það sem þau ná í. Úrval leikefna hefur verið bætt og verður yfirfarið reglulega til þess að tryggja að allir hafi aðgang að því sem þau hafa áhuga á

- **Styrkleikar:** Börnin fá að velja dót og viðfangsefni sem þeim langar að leika með.

Þrátt fyrir að börnin fá að velja mikið af því sem þau leika sér með þá er engin skráning um það til að tryggja að allir fái að velja jafnt oft.

**Tækifæri til umbóta:** Tryggja að öll börn fái tækifæri til að velja leikefni í frjálsa leiknum.

**Skipulagt starf:** Markmiðið var að fá hugmyndir frá börnunum hvað við gætum gert í skipulagða hópstarfinu en með tímanum áttuðum við okkur að það væru heldur háleit markmið og ekki alveg í samræmi við aldur þeirra og þroska. Við leyfum frekar sköpunargáfu



þeirra og hugmyndum að blómstra í listsköpun og frjálsa leiknum. Við teljum því að ekki sé þörf á að endurmeta þennan þátt.

**Ritmál sýnilegt:** Okkur hefur gengið mjög vel að gera ritmál sýnilegra á deildinni. Við límdum á gólfið með bókaplasti fyrsta staf í nafni hvers barns á deildinni. Við merktum dótakassana með myndum og stöfum og merktum hluti inn á deildinni. Öllum markmiðum við þennan umbótarþátt er því náð og er hann því búinn í bili.



**Auka málörvun á deild:** Það gekk mjög vel að notast við námsefnið „Lubbi finnur málbein“ og hefur orðaforði og skilningur barnanna aukist. Börnin eru dugleg að skoða myndirnar við hvern staf og segja orðin. Við erum mjög sátt með vinnuna með Lubba og ætlum að halda áfram með hana. Við teljum því að ekki sé þörf á umbótum í bili.



**Sjónrænt skipulag á loðtöflu:** Við prentuðum út og plöstuðum sjónrænt skipulag og er það hangandi uppi á deild. Það er mjög aðgengilegt fyrir börnin og er í þeirra sjónlínu. Við notum dagskipulagið nokkuð mikið og skilja börnin myndirnar fullkomlega. Við teljum því að ekki sé þörf á umbótum í bili hvað þennan þátt varðar.



**Skráningar á námi barna verði sýnilegri á deildinni:** Þessi þáttur hefur dálítið dottið upp fyrir. En við eigum fullt til af myndrænum skráningum en höfum ekki verið dugleg að prenta þær út og setja með listaverkum og í ferilmöppur.

**Styrkleikar:** Við erum mjög dugleg að skrá sköpunarferli barnanna með myndum.

Þrátt fyrir að við höfum verið dugleg að skrá myndrænt þá hafa þær skráningar ekki skilað sér alveg alla leið upp á veggina og í ferilmöppurnar og ætlum við því að halda áfram með þennan umbótaþátt.

**Tækifæri til umbóta:** Prenta út þær myndrænu skráningar sem við höfum skráð og setja með í ferilmöppur barnanna. Vera duglegri að skrá líka í orðum nám barnanna.

Umbótaþættir Guludeildar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Að börnin fái að hafa áhrif á starfið á deildinni.</b>	Að fá og framkvæma hugmyndir barnanna.	Samtal við börnin í samveru og hugmyndir þeirra skráðar niður.	Ágúst 2019 – júní 2020	Starfsmenn deildarinnar.	Endurmat í júní 2020. Sjá hvort við höfum framkvæmt einhverja af hugmyndum barnanna.	Að við höfum framkvæmt að minnsta kosti tvær hugmyndir barnanna.



<b>Auðvelda val barnanna í frjálsa leiknum</b>	Að börnin fái að velja sjálf hvaða dót þau leika með í frjálsum leik.	Halda skráningu til að tryggja að öll börnin fái að velja jafnt.	Ágúst 2019 – júní 2020	Starfsmenn deildarinnar.	Endurmat í júní 2020. Erum við búin að vera skrá leikja val.	Að börnin fái að velja sjálf dótið í frjálsa leiknum og þau fái að sjá myndir af því fyrir fram.
<b>Skráningar á námi barnanna verði sýnilegrar</b>	Skráningar hengdar upp. Auka sýnilegar skráningar t.d. úr vettvangsferðu m. Passa að texti fylgi verkefnum í ferilmöppu.	Taka skráningar vikur reglulega þar sem nám og leikur barnanna er skráður.	Ágúst 2019 – júní 2020	Deildarstjóri	Endurmat í júní 2020. Förun þá yfir hvernig hefur gengið að skrá nám barnanna. Myndir til viðmiðunar.	Að skráningar séu aðgengilegar börnunum. Bæði á veggjum deildarinnar og í ferilmöppu



## 2.2 Innra mat Bláudeildar

Starfsmannahald á Bláudeild hefur verið dálítið breytilegt síðasta árið, en haustið 2018 tók nýr deildarstjóri við deildinni. Hann fór síðan í fæðingarorlof í byrjun febrúar og tók þá annar deildarstjóri við á meðan. Það hafa almennt verið fjórir starfsmenn á deildinni að meðtöldum deildarstjóra. Aðeins eitt barn er með stuðning og er það barn með 7,5 tíma í stuðning. Framan af var ein manneskja á deildinni sem sá alfarið um þann stuðning og var ekki almennur starfsmaður. Nú hefur þessum stuðningi verið dreift á starfsmenn deildarinnar og skiptast starfsmenn á að styðja við það barn. Fyrir barnið er mun jákvæðara.

Á Bláudeild eru 20 börn, 18 börn fædd 2015 og tvö börn fædd 2016. Ekkert barn er í markvissri skipulagðri málörvun. Við höfum tekið upp kennsluáferðina „Lubbi finnur málbein“ og er hún mikið notuð sem málörvun fyrir öll börnin á deildinni.



Starfið á Bláudeild hefur svo sannarlega verið mjög líflegt á líðandi skólaári eins og kemur fram hér að ofan, en síðan innra mats áætlunin var gerð í fyrra hafa tveir deildarstjórar tekið við deildinni. Hver deildarstjóri hefur auðvita mismunandi áherslur í starfinu og því ekki alveg hægt að endurmeta umbótaþættina sem settir voru í fyrra.


Deildarstjórnir höfðu samt punktana til hliðsjónar yfir árið. Við endurmetum því aðeins umbótaþættina sem fengust úr niðurstöðum ytra mats.

**Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda:** Það hefur gengið mjög vel að fá hugmyndir barnanna hvað þau vilja gera í skipulögðum stundum eins og í samveru. Einu sinni í viku og jafn vel oft, fá börnin alveg að ráða hvað ert gert í samveru með hliðsjón af því sem er auðvitað hægt að gera í leikskólanum. Börnin fá líka oft að velja á milli nokkurra valmöguleika t.d. hvort þau vilji, lesa bók, hlusta á tónlist eða heyra sögu í samveru. Börnin hafa fengið mun stærri part í því að ákveða skipulögðu stundirnar heldur en áður og teljum við því þessum umbótaþætti nánd og ekki þörf á öðrum umbótum í bili.

**Unnið er að því að efla læsi barna(s.s. læsi á tækni, umhverfi, samskipti, menningu, tákni, myndmál, ritmál og tölur):** Sjónrænu skipulagi hefur verið komið upp inn á deildina og notast við það. Það eru sjónrænar leiðbeiningar í fataklefanum um hvað skal klæða sig í fyrir útiveru og er það mikið notað. Í haust kemur barn á deildina sem notast við tákni með tali og verðum við þá með annað sjónrænt skipulag sem er verið að vinna að í þessum skrifuðu orðum. Við höfum sett okkur reglur fyrir deildina og eru börnin mjög meðvituð um reglurnar. Reglurnar eru þó ekki skráðar neins staðar á veggum á deildinni en teljum við að börnin hafi góð tök á reglunum þrátt fyrir það. Við teljum því ekki þörf á frekari umbótum er þetta varðar í bili.



**Skráningar á námi barnanna eru sýnilegar á deildinni:** Skráningar á námi barnanna hafa gengið mjög vel. Við skráum allt sem þau gera í listaskála myndrænt og margt er líka skráð og fest með listaverkum barnanna. Við erum líka mjög dugleg að taka myndir af hinu daglega námi og setja á vegg deildarinnar. Við gerðum verkefni þar sem börnin fengu sjálf að klippa út fullt af myndum af leik og starfi á deildinni. Skráningarnar eru aðgengilegar börnunum, hanga í þeirra hæð á veggjunum og fara svo í ferilmöppur þeirra sem þau hafa líka greiðan aðgang að. Við teljum því ekki þörf á frekari umbótum hvað þennan þátt varðar og segjum honum lokið í bili.



### 2.3 Innra mat Rauðudeildar

Starfsmannahópur Rauðudeildar fyrir skólaárið 2018-2019 stóð saman af fjórum starfsmönnum framan af vetri. Í mars var einn starfsmaður færður yfir á aðra deild, urðu starfsmenn deildarinnar þá þrír það sem eftir lifði af vetri. Börn Rauðudeildar veturinn 2018-2019 voru fædd 2014-2015 og voru þau 21 talsins. Fjöldi barna fædd 2014 var 15 og fjöldi barna fædd 2015 var 6. Eitt barn var með stuðning mestan part af vetrinum en missti svo sinn stuðningstíma í lok febrúar.

**Samskipti barnanna:** Við stefndum að því að virðing og samkennd ríkti á milli barnanna og ætluðum að ná því með t.d. vinaviku. Yfir höfuð gekk ágætlega að bæta samskipti barnanna, skráning gekk mjög vel fyrst en fjaraði svo dálítið út þegar ytra matið átti sér stað og í kjölfari þess. En þá fóru starfsmenn deildarinnar að einbeita sér að öðrum umbótaþáttum.

- **Styrkleikar:** Börnin eru meðvitaðri um hvernig góð samskipti líta út.

Þrátt fyrir nokkrar framfari telur starfsfólk ekki viðmiðinu náð að fullu og höldum við því áfram með nokkrum breytingum.

- **Tækifæri til umbóta:** Einbeita okkur betur að settu markmiði um samskipti og virðingu milli barnanna.

**Uppbyggjandi samskipti milli barna og starfsfólks:** Skráningar á 10 mín reglunni gengu mjög vel fyrst og dalaði svo. Umræður á deildarfundum um 10 mín. regluna gengu hins vegar mjög vel og var reynt að ræða alltaf hvaða barn þyrfti mest á reglunni á að halda.

- **Styrkleikar:** Við höfum nýtt okkur 10 mín. regluna og lært að nýta okkur ýmis tækifæri til aukinna samskipta betur og þá sérstaklega við tvítyngdu börnin.

Við viljum halda áfram að koma 10 mínútna reglunni í gagnið á Rauðudeild og að öll börnin og starfsfólk græði á henni.

- **Tækifæri til umbóta:** Að 10 mínútna reglan verði partur af daglegu starfi á Rauðudeild.





**Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á skipulagningu starfsins:** Það hefur gengið ágætlega að fá þeirra hugmyndir að skipulagningu starfsins. Við höfum t.d. gripið tækifæri þegar börnin koma með hugmyndir sem eru vel framkvæmanlegar eins og dóta dag og úti dóta dag.

- **Styrkleikar:** Börnin fá að hafa raunveruleg áhrif á skipulagningu starfsins.

Þrátt fyrir nokkrar framfarir þá er þessum umbótaþætti ekki alveg náð. Við viljum gera betur og leyfa börnunum að hafa mun meiri áhrif á það sem við gerum í leikskólanum.

- **Tækifæri til umbóta:** Börnin fá enn betri og fleiri tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulagningu starfsins.

**Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda:** Börnin fá alltaf að velja alveg eða að hluta til hvað við gerum í samverustundum. Stundum fá þau val á milli nokkurra hluta t.d. hvaða bók við lesum eða hvaða lag við hlustum á, og stundum fá þau alveg að ráða hvað er gert í samveru og er yfirleitt kosning á milli nokkra hugmynda. Við teljum að þessum umbótaþætti sé því lokið í bili.

**Ritmál er sýnilegt:** Það gekk mjög vel að gera ritmál sýnilegra á deildinni. Við merktum ýmsa hversdags hlut t.d. lampi, veggur, gólf, skápur. Við merktum kassana með dótinu og settum upp orðaspjall sem er sýnilegt á deildinni. Við settum einnig upp „innskráningu og



útskráningu“ fyrir börnin til að gera sjálf (sjá mynd). Teljum við því settu markmiði náð og ekki tilefni til að setja annað markmið sem tengist þessu. Við höldum auðvita áfram að vera dugleg að hafa ritmál sýnilegt.

**Unnið er að því að efla læsi barna (s.s. læsi á tækni, umhverfi, samskipti, menningu, tákni, myndmál, ritmál og tölur):** Það gekk vel að setja upp sjónræna dagskipulagið og nýtum við það nokkuð mikið. Það hefur hins vegar fallið upp á milli að setja upp reglurnar og þar sem nýr hópur er að koma í haust þá ætlum við að bíða með það þangað til þá og gera nýjar reglur með þeim barnahópi og setja þær upp á vegg. Við settum einnig upp fjórar risastórar klukkur í gluggana hjá okkur sem sýndu okkur hvernig klukkan lítur úr þegar er morgunmatur, samvera, hádegismatur og kaffítími. Læsi er mjög stórt partur af daglegu lífi almennt í Gullborg og teljum við okkur vera gera mjög góða hluti og segjum að þessum umbótaþætti sé lokið í bili.



**Skráningar á námi barna eru sýnilegar á deildum:** Okkur gekk mjög vel að auka skráningar og gera þær sýnilegar. Allt sem krakkarnir gera í listaskála er skráð og haft með listaverkunum, við gerum skráningar




þegar við förum í ferðir og setjum í ferilmöppur barnanna. Skráningum hefur fjölgað til muna og eru mun sýnilegri og aðgengilegri fyrir börnin en við færðum möppurnar í þeirra hæð og gerðum aðgengilegri. Að þessu sögðu er markmiðinu náð að auka skráningar og ekki þörf á frekari umbótum.



**Jöfn hlutdeild allra barna birtist í starfi á deildum:** Það gekk mjög vel að vinna að því að tryggja að öll börnin hafi rödd og hún heyrist og þau fá að taka jafnan þátt í öllu starfi. Börnin skiptast á að vera þjónar (hjálpa til við að leggja á borð í matmálstímum), fataklefastjórar og velja dót.



Við höfum góða skráningu yfir allt svo það sé örugglega allir sem fá að gera allt. Tilsettu markmiði er því náð og okkur finnst ekki þörf á frekari umbótum er þetta varðar.



# Leikjavalsskráning

	Velja dæti	Tilfinningu búið	Sumariþ	Velja dæti	
Áney	X	X		5/3'19	6/5'19
	X	X		14/3	15/4
	X	X		14/3	18/3
a	X	X		6/3/19	7/5'19
	X	X		6/3/19	10/5'19
	X	X		7/3/19	20/3
ey	X	X		12/3	27/3
	X	X		14/3	18/3
öill	X	X	X	11/3	20/3
nna	X	X		12/3	18/3
	X	X		21/3/19	20/3
	X	X		12/3	6/5'19
ría	X	X		11/3	10/5'19
	X	X		11/3	18/3
.Árni	X	X		12/3	18/3
ia	X	?		11/3	27/3
	X	X	X	12/3	7/5'19
alka	X	X		14/3	6/5'19
	X	X		11/3	10/5'19
ala	X	X		14/3	7/5'19
ur	X	X	X	13/3	14/19

Þjónar dagsins											
5/2'19	20/2	5/3	21/3	12/4	9/5						
14/2	25/2	13/3	26/3	8/4	13/5						
14/2	20/2	19/3	29/3	12/4							
6/2	22/2	13/3	1/4	3/5	17/5					21/05	
4/2	<del>21/2</del> 21/2	7/3	20/3	6/5	9/5					21/05	
11/2	1/3	5/3	3/4	9/4	10/5						
15/2	19/2	12/3	26/3	8/4							
6/2	25/2	7/3	23/3	4/4	13/5						
5/2'19	21/2	19/3	1/4	3/5							
11/2	19/2	15/3	21/3	5/4	17/5						
18/2	1/3	<del>6/3</del> 6/3	28/3	4/4	8/5					22/5	
12/2	22/2	12/3	22/3	9/4						22/5	
9/2	26/2	18/3	3/4	11/4	16/5						
15/2	18/2	6/3	29/3	6/5	20/5						
7/2'19	28/2	8/3	25/3	10/4							
12/2	26/2	8/3	28/3	8/5							
8/2	26/2	15/3	2/4	10/4							
13/2	21/3	11/3	25/3	7/5							
7/2'19	27/2	11/3	27/3	7/5							
13/2	4/3	20/3	2/4	11/4	16/5						
8/2	27/2	18/3	27/3	5/4	10/5						

Fataklefastjórar dagsins											
25/2'19	20/3'19	1/4'19	11/4								
4/2'19	1/3'19	25/3'19	23/4								
11/2'19	20/3'19	4/4'19	29/4								
8/2'19	12/3'19	8/4'19	12/4								
5/2'19	15/3'19	1/4'19	8/5								
8/2'19	4/3'19	4/4'19	11/4								
13/2'19	7/3'19	29/3'19	23/4								
12/2'19	4/3'19	25/3'19	29/4								
7/2'19	12/3'19	2/4'19	9/5								
11/2'19	1/3'19	2/4'19	10/4								
4/2'19	26/2'19	29/3'19	24/4								
19/2'19	15/3'19	26/3'19	12/4								
5/2'19	6/3'19	8/4'19	8/5								
13/2'19	5/3'19	28/3'19	10/4'19	20/5							
7/2'19	14/3'19	5/4'19	30/4								
26/2'19	7/3'19	27/3'19	24/4								
19/2'19	5/3'19	26/3'19	9/4'19								
25/2'19	13/3'19	3/4'19	30/4	20/5							
12/2'19	13/3'19	5/4'19	9/5								
6/2'19	6/3'19	9/4'19	7/5								
6/2'19	14/3'19	27/3'19	7/5								



Umbótaþættir Rauðudeildar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Samskipti barnanna</b>	Að virðing og samskipti ríki á milli barnanna	Halda áfram með vinaviku. Gera vana reglur deildarinnar.	Ágúst 2019 – júní 2020	Starfsmenn Rauðudeildar.	Skráning í deildarbók. Skráning og umræður á deildarfundum.	Að börnin þekki vinareglurnar, þær eru sýnilegar og auka gleði hjá öllum á deildinni.
<b>Notkun 10. mínútna reglunnar</b>	Að allir starfsmenn þekki og nýti sér 10 mínútna regluna.	Gera aftur skráningarblað	Júlí 2019 – júní 2020	Starfsmenn Rauðudeildar	Skráning á sérstakt skráningarblað og rætt á deildarfundum.	Að 10. mín. reglan verði partur af daglegu starfi á Rauðudeild.
<b>Börnin fá að hafa áhrif á skipulagningu starfsins.</b>	Að börnin fá fleiri tækfæri til að hafa raunveruleg áhrif á hvað við gerum í leikskólanum.	Barnafundir þar sem verður rætt hvað þeim langar að gera og reynt að framkvæma það sem er hægt.	Ágúst 2019- júní 2020	Starfsmenn Rauðudeildar	Skráningar á hugmyndum barnanna í deildarbókina.	Að við höfum framkvæmt allavega eitthvað þrennt sem börnin vildu.



## 2.4 Innra mat Grænudeildar

Á Grænudeild störfuðu 4 starfsmenn í 3,4 stöðugildum. Starfsmannahald var stöðugt og undirbúningsafleysing var óþörf á deildinni. Á deildinni voru að jafnaði 26 börn veturinn 2018-2019. Það voru 17 börn fædd 2013 og 9 börn fædd 2014. Það voru tvö börn sem voru með úthlutað stuðningsfjármagn á deildinni, til áramóta en eitt barn eftir áramót. Það voru 5 börn á Grænudeild af erlendum uppruna, þrjú þeirra hafa nýtt sér markvissa málörvun.

Niðurstöður innra mats á Grænudeild leiddu í ljós að allir liðir uppfylltu lýsingu á gæðastarfi og taldist því ekki vera þörf á neinum umbótum á því sem við skoðuðum þá, en það var velferð og líðan barna. Ytra mat gaf okkur hins vegar nokkra umbótaþætti til að vinna með og listum við þá hérna og hvernig vinnan með þá hefur gengið.

**Dagskipulag veitir svigrúm til að mæta þörfum allra barna:** Þessi þáttur gekk mjög vel. Tekið er tillit til allra barna og þeirra þarfa. Ef barn á t.d. erfitt með að sitja kyrrt í samveru í langan tíma þá brjótum við samverurnar upp og tökum ekki börnin úr samverum til að þau upplifi sig sem partur af hópnum. Þessi þáttur hefur gengið mjög vel og erum við dugleg að ræða á deildarfundum hvernig gengur og hvernig má gera þennan þátt betri. Að því sögðu telst ekki ástæða til að halda áfram með þennan umbótaþátt og telst honum lokið í bili.

**Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á skipulagningu starfsins:** Við höldum reglulega barnafundir sem voru sérstaklega gerðir til að fá þeirra hugmyndir og heyra hvað þeim langar að gera í leikskólanum. Fullt af skemmtilegum hugmyndum komu upp og höfum við verið mjög dugleg að framkvæma þær. Sem dæmi þá langaði þeim að fara í ferð með strætó númer 1. Við urðum að þeirri ósk og skelltum okkur í heimsókn í Hafnafjörðin með strætó númer 1. Börnin höfðu líka margar hugmyndir um hvað þeim langaði að gera í útskriftarferðinni sinni og urðum við að flestum þeim óskum sem voru meðal annars að fara í fjallgöngu, grilla pylsur og leika úti á rólóvelli. Við grípum líka tækifærin dagsdaglega og fórum út ef þeim langar út og leikum inni þegar börnin vilja það frekar. Við teljum að þessum umbótaþætti hafi verið náð að fullu.



# Útskriftarferðin

## Börnin í Hafnarfirði



**Leitað er leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku:** Okkur hefur gengið mjög vel að halda utan um tvítyngdu börnin og þau að erlendum uppruna. Við höfum verið dugleg að passa upp á að allar raddir heyrist og gefið þeim öllum svigrúm. Við höfum rætt börnin á deildarfundum og passað að skilja ekkert barn út undan. Mikil og góð samvinna er við sérkennsluna og þá sem sjá um málörvun. Þeir sem eru í málörvun eru ekki teknir út af deildinni þegar hinir krakkarnir eru t.d. í samveru eða í ferðum. Passað er að þau börn sem ekki hafa færni í íslensku verði aldrei út undan og séu alltaf partur af öllum barna hópnum. Við erum mjög sátt með fyrirkomulagið eins og það er núna og höldum okkar striki. Við teljum því að umbótaþættinum sé því náð í bili.

### 3 Ytra mat

#### 3.1 Ytra mat fagskrifstofu leikskólasviðs

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 eru ákvæði um mat og eftirlit sveitafélaga með leikskólastarfi. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum eru að veita upplýsingar um leikskólastarf, tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla, auka gæði náms og leikskólastarfs og tryggja að réttindi barna séu virt. Starfsmenn fagskrifstofu leikskólasviðs sáu um úttekt á leikskólastarfinu, með heimsóknum og athugunum, viðtölum við starfsmenn, stjórnendur og foreldra. Matið fór fram í september 2018. Í kjölfar úttektar var unnin umbótaáætlun um þá þætti sem betur máttu fara.

Helstu niðurstöður ytra matsins:



Leikskólinn hlaut stjórn, en það er til fyrirmyndar hvernig leikskólinn leggur áherslu á líðan, samskipti og heilbrigði barna sem birtist í stefnu leikskólans, verkefnum og samskiptum starfsfólks og barna. Erum við gríðarlega ánægð með þessa viðurkenningu fyrir okkar góða starf. En aðrir styrkleikar eru eftirfarandi.

- Stefna leikskólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu leikskólans. Áherslur aðalnámskrár og Reykjavíkurborgar/rekstraraðila endurspeglast í stefnu leikskólans. Stefna og markmið leikskólans endurspeglar að áhersla er lögð á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna. Starfsfólk og foreldrar þekkja áherslur í stefnu leikskólans. Stjórnendateymi fylgist reglulega með hvernig gengur að vinna að stefnunni, metur framfarir og tryggir að upplýsingum sé miðlað um leikskólastarfið. Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi. Leikskólastjóri hvetur til og veitir svigrúm fyrir þróunarstarfi í leikskólanum. Í skólanámskrá eru birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskipti skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast. Skólanámskrá og starfsfáætlun eru birtar á heimasíðu leikskólans.



- Möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru nýttir. Umhyggja einkennir samskipti starfsfólk við börn. Starfsfólk notar virka hlustun í samskiptum við börn, er tilbúið til að hlusta á börnin, ræða við þau og virða sjónarmið þeirra. Unnið er markvisst að því að efla samskipti barna, heilbrigði og vellíðan og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi. Unnið er markvisst með heimamenningu allra barna. Foreldrar eru reglulega upplýstir um niðurstöður mats á námi og stöðu barna þeirra. Leikskólakennarar/deildarstjórar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn.
- Starfsfólk er ánægt með markmið og stefnu leikskólans og framkvæmd hennar í leikskólanum. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins.
- Börnunum líður vel, þau eru glöð og áhugasöm. Milli barnanna ríkir virðing og samkennd. Samtöl starfsfólks við börnin eru uppbyggjandi og hvetjandi.
- Áherslur í foreldrasamstarfi liggja fyrir þ.m.t upplýsingagjöf til foreldra. Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólalagd og leikskólabróun eru lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar. Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans og upplifa að markvisst sé unnið að stefnu og markmiðum leikskólans. Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum og eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks.
- Heimasíða leikskólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar.
- Framkvæmd innra mats er samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli (s.s. starfsfólks, barna og foreldra). Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti.

Tækifæri til umbóta:

- Byggt á leiðarljósum leikskólans verði gildi/einkunnarorð leikskólans mótuð. Börnum verði gefin tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins. Að ritmál verði sýnilegt innan leikskólans.
- Einstaklingsnámskrár verði gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning og þær endurskoðaðar reglulega. Verkferlar vegna sérfræðiþjónustu séu skýrir og





aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum. Mati, úrræðum og verkefnum sé fylgt eftir með skipulögðum hætti.

- Fundargerðir foreldraráðs séu aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Í skólanámskrá sé umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt. Einnig að fjallað sé um hvernig eigi að meta markmið leikskólans og að þau séu metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti. Fyrir hvert markmið séu skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Í greinargerð um innra mat sé fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Við öflun gagna sé leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli (s.s. starfsfólks, barna og foreldra). Í greinargerð um innra mat komi fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			



Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.

## Umbótaáætlun Gullborgar

## 3.2 Viðhorfs könnun meðal starfsmanna

Reykjavíkurborg sendir á hverju ári út viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Tilgangurinn með viðhorfskönnuninni er að fá fram viðhorf starfsfólks til ýmissa þátta, svo sem starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Reykjavíkurborg sendir könnunina á netföng allra starfsmanna og henni því svarað rafrænt. Könnunin er nafnlaus og engum er skylt að taka þátt en allir hvattir til þess. Við úrvinnslu er þess að sjálfsgöðu gætt að engin leið sé að rekja svör til fámennra hópa eða einstaka þátttakenda og farið verður með öll gögn sem trúnaðarmál.

Í ár fengum við niðurstöður úr könnunni mjög seint en það var vesen vegna netfanga breyting frá @reykjavik.is yfir í @rvkskolar.is. Við höfum því ekkert unnið með niðurstöðurnar úr könnunni og þær hafa ekki verið kynntar starfsfólki en það verður gert á næstu dögum.

Fyrir ári settum við okkur einn umbótaþátt til að vinna með yfir árið.

**Metnaður:** Það gekk vel að kveikja áhuga starfsfólks og fór metnaðurinn aftur upp í sama horf og árið 2017. Settu markmiði var því náð. Starfsfólk var reglulega hvatt til að fara á námskeið og efla sig í starfi.

Ekki mældist marktækur munur frá könnuninni í fyrra sem þýðir líklega að það eru bara einn eða tveir að breyta svörum sínum þá tókum við því samt sem marktækur munur fyrir okkur til að búa til umbótaáætlun út frá. Við tókum því saman þá þætti þar sem stuðullinn hafði breyst um meira en +/-0,15.

20 starfsmenn svöruðu könnuninni í janúar 2019 og helstu niðurstöður eru:

### Styrkleikar:

- Starföryggi hefur aukist. Það lækkaði mikið í fyrra því þá vorum við að missa húsnæði og minnka leikskólann um eina deild.
- Fræðsla og þjálfun hefur aukist jafnt og þétt í gegnum árin og gaman að segja frá því að árið 2013 var stuðullinn 3,41 en er núna 2019 kominn upp í 4,20. Það kemur einnig fram að fræðslan er að nýtast vel í starfi.



- Starfsmannastöðugleiki hefur hækkað örlítið, en það eru aðeins fleiri sem sjá sig í sama starfi eftir 2 ár.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Vinnuaðstaða tók smá hopp niður á við. Stuðullinn fyrir þáttinn vinnuaðstaða hefur aldrei verið jafn lágur en hann er 3,40. Stuðullinn við staðhæfinguna sjálfa „Vinnuaðstaða mín er góð“ er aðeins 2,80 sem algjörlega óásættanlegt. Ástæður fyrir því að skorið lækkar er að það eru gerðar litlar sem engar breytingar á aðstöðu okkar og þá sérstaklega klósettaðstöðu og aðstöðu til undirbúnings, fundahalds. Vonandi mun þetta breytast á næstu árum, en það hefur verið teiknuð upp mun betri aðstaða fyrir starfsfólk en Reykjavíkurborg á eftir að samþykkja þá teikningu og þá vitum við ekki, ef þær verða samþykktar, hvað við þurfum að bíða lengi eftir að framkvæmdir byrji. Aðstaðan eins og hún er í dag er ekki ásættanleg og sést það greinilega í starfsmannakönnunni.
- Starfsánægja hefur lækkað aðeins. Fólki líður almennt ágætlega í vinnunni en er ekki alveg nógu ánægt. 70% af svarendum telja sig ánægt í starfi. Hér eru tækifæri til umbóta. Rúmlega 80% segjast líða vel í vinnunni.
- Móttaka nýliða hefur aðeins leitað niður í skori síðustu tvö ár. Árið 2016-2017 bjuggum við til áætlun um móttöku nýrra starfsmanna og fylgdum vel á eftir henni. Greinilega þurfum við að skoða þetta aðeins betur.



Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðarað ili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmi r?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Starfsánægja</b>	Að starfsfólk sé ánægt í vinnunni.	Hópefli, samvera starfsfólks, gera dagleg störf ánægjuleg.	Janúar 2019 – Júní 2020	Leikskólastj órrendur og skemmtinef nd.	Hópefli, samtöl um ánægju og vellíðan í starfi.	Að 90% af starfsfólki telji sig ánægt í starfi.
<b>Vinnuaðstaða</b>	Að fá betri vinnuaðstöðu á leikskólann.	Samþykkja teikningarn ar og hefja framkvæmd ir	???	Reykjavíkur borg		Að vinnuaðstað an verði kláruð samkvæmt teikningunu m.
<b>Móttaka nýliða</b>	Taka betur á móti nýju starfsfólki.	Endurskoða móttökuáæ tlun nýs starfsfólks.	Ágúst 2019 – júní 2020	Samstarf allra starfsmann a.	Meta hvað má gera betur í áætluninni.	Að allir starfsmenn fái sömu móttökur þegar þeir byrja á leikskólanu m.



## 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölin fara fram í janúar og febrúar ár hvert. Samtölin eru um 1 klst. og lögð áhersla á notalegt samtal yfirmans og starfsmans. Farið er yfir veikar og sterkar hliðar starfsmans í starfi og væntingar starfsmans til starfsþróunar. Starfsmenn eru hvattir til að leita eftir námskeiðum eða ráðstefnum sem þeim finnst áhugaverð og sækja þau. Leikskólastjóri er líka duglegur að finna námskeið eða ráðstefnur sem tengjast starfi okkar á Gullborg og benda starfsfólki á þau/þær.

Símenntunaráætlun Gullborgar 2020-2021 er að öllu tengt nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar. Leikskólinn stefnir að því að nýta hluta af starfsdögum sínum á komandi ári fyrir samstarfsverkefni með Grandaborg og Ægisborg. Við fáum fræðslusetrið KVAN til að vera með fræðslu fyrir okkur sem tengist sjálfsefningu barna og starfsmanna. Þrjú starfsdagar eru helgaðir þessu samstarfsverkefni og menntun í kring um það.

## 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við leikskólana Grandaborg og Ægisborg er að mestu tengt nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar. Áætlað er að þessi þrjú leikskólar vinni saman í auka sjálfsefningu barna og starfsmanna. Sameiginlegur fundur með öllum foreldrum þessara leikskóla er áætlaður næsta haust þar sem KVAN mun halda fyrirlestur um sjálfsefningu barna.

Samstarf þessara 3ja leikskóla Gullborg, Grandaborg og Ægisborg við Grandaskóla er alltaf að aukast milli ára og er mikil ánægja með þá samvinnu, læsis þróunarverkefnið 2016-2018 er í raun búið en samstarf er enn í gangi og eykst milli ára. Áætlun er að hafa mun meiri samskipti milli elstu barnanna í leikskólunum þar sem stór partur barnanna fara í Grandaskóla og yngstu barnanna í Grandaskóla. Er sérstaklega verið að horfa í félagsfærni barna.

### Samstarfsskipulag 2019-2020

Í september koma 1. bekkingarnir í heimsókn í „gamla“ leikskólann sinn og eru þá fagnaðarfundir, en einnig gefst leikskólabörnunum færi á að spyrja um hvernig það sé að byrja í skóla.

Í nóvember fara Gullborgarbörnin í heimsókn á bókasafn Grandaskóla.



Í desember bíður Grandsskóli á leiksýningu.

Í febrúar er haldið í skólastofur í Grandaskólanum og frístundaheimilið Undralandi heimsótt.

Í mars er farið í tónmenntatíma í Grandaskóla.

Í maí fara verðandi Grandaskólabörn í langa heimsókn í fylgd foreldra með nesti.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Heimsóknir elstu barna í Grandaborg, Gullborg og Ægisborg	Að börnin hittist og kynnist áður en þau hittast í Grandaskóla að hausti	Heimsóknir og skipulagður samleikur	Janúar til maí 2020	Deildarstjórar elstu deilda leikskólanna þriggja	Maí 2020	Gert- ógert og mat deildanna að vori. (Metið í hverjum leikskóla fyrir sig og dregið saman)
Upplýsingaflæði milli Grandaskóla, Grandaborgar Gullborgar og Ægisborgar	Að auðvelda barni (og kennurum) starfið í upphafi grunnskólagöngu.	Samstarfs-teymi skólanna hittist og sammælist um form á skilum.	September 2019 - 1. maí 2020.	Stjórnendur skólanna	Maí 2020	Lokið eða ólokið.  Tekið fyrir á samstarfs-fundi að vori.



## 6 Foreldrasamvinna

### Foreldraráð

Í Gullborg er starfandi foreldraráð samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélags Gullborgar á haustin og skulu að lágmarki sitja þrír foreldrar í ráðinu. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir um hlutverk og markmið leikskóla og nefnda sbr. 2. mgr. 4. gr., úr Aðalnámskrá leikskóla og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Starfsreglur ráðsins er að finna [hér](#).

### Foreldrafélag

Í Gullborg er starfandi foreldrafélag. Allir foreldrar eru meðlimir í foreldrafélagi Gullborgar. Á kynningafundum fyrir foreldra á haustin eru kosnir 2 fulltrúar foreldra af hverri deild, þeir kjósa sér formann, gjaldkera og ritara. Leikskólastjóri og einn starfsmaður sitja fundina eftir þörfum. Stjórn foreldrafélagsins fundar síðasta miðvikudag hvers mánaðar, eða með tölvupóst samskiptum og Facebook. Markmið félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum barna, foreldra og starfsmanna og efla tengsl foreldra við leikskólann. Einnig að styðja við ýmis málefni varðandi starfsemina og standa að uppákomum sem eru börnum, foreldrum og starfsmönnum til gagn og gamans.

### Foreldrafundir

Kynningafundur fyrir foreldra á leikskólastarfinu veturinn 2019-2020 eru 23.-26. september frá kl. 9.30-10.30. Leikskólastjóri, deildarstjóri og aðrir starfsmenn funda með foreldrum hverjar deildar fyrir sig og kynna starfsmenn faglegt starf, foreldrafélag og önnur mál er varða leikskólastarfið innan hvernar deildar.



## Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða að hausti er 18. - 25. nóvember. Foreldraviðtöl að vori eru 27. apríl - 4. maí. Deildarstjóri ber ábyrgð á viðtölunum og er hvert viðtal um 20 mínútur. Elstu börnin eru með foreldrum sínum í þessum viðtölum, markmiðið er að líta yfir farin veg, líðan í leikskólanum, verkefni, vinátta og fleira sem þau vilja koma framfæri.

Foreldrasamstarf hefur ætíð gengið vel í Gullborg. Samkvæmt könnun sem stjórn foreldrafélagsins gerði í vor þá vilja foreldrar taka meiri þátt í starfi leikskólans og við munum auðvitað verða við því.

## Samskipti við erlenda foreldra

Móttaka og aðlögun er svipuð og með íslenska foreldra nema við fáum túlka til að vera með í öllum upphafsviðtölum og foreldraviðtölum. Í sumum tilfellum er túlkur viðstaddur aðlögun barnsins.

Leikskólinn hefur frumkvæði á samstarfi við foreldra um eflingu læsis. Kennarar upplýsa foreldra um nám barnanna og framfarir í máli og læsi í daglegum samskiptum og í skipulögðum foreldraviðtölum bæði að vori og hausti.

Kennarar leiðbeina foreldrum barna með annað móðurmál en íslensku um mikilvægi móðurmáls og hvernig leikskólinn og foreldrar geti í samvinnu stuðlað að virku tvítyngi. Foreldrar geta fengið lánaðar bækur eða annað efni sem örvar mál- og læsi barnanna. Mikilvægt er að foreldrar séu fyrirmynd í hvetjandi lesumhverfi barna.

## 7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Skipulagsdagur 22. ágúst, vetrarstarfið undirbúið.
- Skipulagsdagur 20. september, sameignlegur skipulagsdagur með Grandaborg og Ægisborg, byrjun á samstarfsverkefni vegna innleiðingu nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar. KVAN menntasetur mun halda fyrirlestur um sjálfseflingu, bæði barna og fullorðinna.
- Skipulagsdagur 6. nóvember, f.h. Mun KVAN halda fyrirlestur fyrir starfsmenn Gullborgar um sjálfseflingu. E.h. óákveðið.





- Skipulagsdagur 3.janúar, f.h. Mun KVAN halda fyrirlestur fyrir starfsmenn Gullborgar um sjálfseflingu. E.h. óákveðið.
- Skipulagsdagur 7.febrúar, F.h. ráðstefna á vegum Skóla og frístundasvið Reykjavíkur, e.h. heimsókn í leikskóla.
- Skipulagsdagur 12.maí, endurmat.

## [Leikskóladagatal Gullborgar 2019-2020](#)

### **8 Fylgigögn**

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Rannveig Júníana Bjarnadóttir

Leikskólastjóri

9.7.2019

Dagsetning



## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1.	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	1	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	10	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	2	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Nei	Haust 2019
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Nei	Haust 2019
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	MML, Túlkaþjónusta,
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



## Niðurstöður innra mats

Innra mat sérkennslunnar er metið út frá niðurstöðum ytra mats haustið 2018.

**Lögð er áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik:** Það hefur gengið nokkuð vel að leggja áherslu á að íhlutun fari fram í hinu daglega starfi og er gott samstarf milli sérkennslunnar og deildanna.

- **Styrkleikar:** Íhlutun fer að mestu fram í daglegu starfi inni á hverri deild. Málörvun fer fram að miklu leyti fram inn á deildum og einstaklingsvinna með hverju barni.
- **Tækifæri til umbóta:** Bæta mætti skráningar. Notkun á málörvunarbók er en þá ekki komið í gang og skráningar á einstaklingsvinnu inn á deild er ábótavant.

Við ætlum því að halda áfram með þennan umbótaþátt og reyna bæta okkur í skráningum.

**Einstaklingsnámskrár verði gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning:** Nokkuð vel hefur gengið að gera einstaklingsnámskrár fyrir börn með sérstakan stuðning. Öll börn sem eru með sérstakan stuðning voru komin með einstaklingsnámskrá í janúar en það hefur ekki gengið jafn vel að endurskoða þær og áætlun var.

- **Styrkleikar:** Börnin sem eru með sérstakan stuðning eru komin með námskrár.

Ekki hefur gengið jafn vel að endurskoða námskrárnar eins og áætlun var.

Einstaklingsnámskrárnar eru ekki á sameign þar sem allir geta nálgast þær.

- **Tækifæri til umbóta:** Endurskoða einstaklingsnámskrárnar á 8 vikna fresti í stað 6 vikna.

**Foreldrar komi að gerð og endurmati á einstaklingsnámskrá barnsins:** Það hefur gengið mjög vel að vera í samstarfi við foreldra við gerð einstaklingsnámskrá barnsins. Foreldrar eru með á teymisfundum og fá þar vettvang til að koma að gerð og endurmati á einstaklingsnámskrá barnsins. Við teljum þessum þætti því lokið í bili.

**Starfsfólk fær upplýsingar og stuðning til að framfylgja markmiðum einstaklingsnámskráa:** Það hefur gengið ágætlega að framfylgja þessum umbótaþætti. Einstaklingsnámskrár eru ræddar á deildarfundum. Það er fer hins vegar rosalega eftir hverri deild hvernig gengur að ræða einstaklingsnámskrár þeirra barna sem eru með stuðning.



Umbótpættinum er varðar sérkennslustjóra og sérkennsluna teljum við því náð en hver og ein deild mætti muna betur eftir að fara yfir þær upplýsingar sem eru til staðar.

**Farið er eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávík hjá barni og eru þeir skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum:** Í Gullborg er farið eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávík hjá barni. Ferlarnir eru skýrir en mættu vera aðgengilegri fyrir allt starfsfólk.

- **Styrkleikar:** Til eru ákveðnir ferlar sem farið er eftir. Flest allt starfsfólk veit af þessum ferlum og kunna þá. Ferlarnir eru aðgengilegir starfsfólki á sameiginlegu svæði.
- **Tækifæri til umbóta:** Tryggja þarf að allt starfsfólk þekki verkferlana og viti hvert þeir eigi að leita ef þeir eru í einhverjum vafa.

**Mati, úrræðum og verkefnum er fylgt eftir með skipulögðum hætti:** Nú eru komnir af stað föstudagsfundir sem eru sérkennarar og deildarstjórar. Þar eru stuðningsbörn rædd og einnig þau börn sem eru í ferli. Farið er yfir stöðuna og hvað er hægt að gera og hvað hefur verið gert. Reglulegir fundir eru hjá stuðnings starfsmönnum en eins og staðan er í húsinu í dag eru aðeins tvö börn skráð með stuðning. Þessum þætti hefur verið vel fylgt eftir og teljum við því ekki þörf á frekari umbótum í bili.

Umbótapættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgða raðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skráningar á íhlutun og málörvun.	Að skrá í þar til gerða málörvunarbó k alla málörvun sem á sér stað inn á deild.	Hafa til málörvunar bók og minna alla á að skrá niður.	Ágúst 2019 – júní 2020	Deildarst jórar og sérkenns lustjóri.	Endurmetið í júní á næsta ári. Farið yfir skráningar í málörvunar bókinni.	Að málörvun og einstaklings vinna sem fer fram inn á deildum sé skráð.



<p><b>Endurmat á einstaklingsnámskrám barna með sérstakan stuðning.</b></p>	<p>Að endurmeta einstaklingsnámskránnar innan viðráðanlegum tímaramma.</p>	<p>Bjóða sérkennslustjóra á deildarfundum á þeim deildum þar sem börn eru með sérstakan stuðning á 8 vikna fresti og yfir fara námskránnar.</p>	<p>Ágúst 2019 – júní 2020</p>	<p>Deildarstjórar og sérkennslustjóri.</p>	<p>Endurmetið í júní 2020. Hvernig hefur gengið að halda fundum og yfir fara námskránnar.</p>	<p>Að einstaklingsnámskrá barns með sérstakan stuðning sé endurmetin á 8 vikna fresti.</p>
<p><b>Allt starfsfólk þekki þá verkferla sem fara á eftir ef grunur vaknar um frávik hjá barni.</b></p>	<p>Að allir starfsmenn leikskólans þekki til þessara verkferla og fari eftir þeim.</p>	<p>Hver deildarstjóri kynni verkferlana fyrir starfsmönnum sínum. Verkferlarnir settir inn í starfsmannahandbók Gullborgar.</p>	<p>Júlí 2019 – júní 2020</p>	<p>Deildarstjórar, vefsíðustjóri og leikskóla stjórnendur.</p>	<p>Endurmetið í júní 2020 og séð hvernig gengur.</p>	<p>Að 95% starfsfólks þekki verkferlana og viti hvar þá er að finna.</p>



## Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítýngi	Já	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"><li>• Orðaforði og málskilningur</li><li>• Tjáning og frásögn</li><li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li><li>• Ritmál</li><li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li></ul>	Já	



**Fylgiskjal 3**

**Starfsáætlun 2019 – 2020**  
**Leikskólinn Gullborg**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Heiður Margrét Björnsdóttir**

**Hildur Droplaug Pálsdóttir**



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagur eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.





## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar., sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



## Umsögn foreldraráðs:

Leiðarljós leikskólans eru enn sem fyrr áhersla á sterka sjálfsmynd og þróun hennar. Ytra mat var framkvæmt af starfsfólki fagskrifstofu Reykjavíkurborgar í september 2018 og kom mjög vel út. Í starfsáætluninni er farið yfir viðbrögð við innra mati sem framkvæmt var á síðasta skólaári sem og úrbætur í samræmi við niðurstöður ytra mats fyrir allar deildir leikskólans. Leikskólinn leggur áherslu á að bregðast við öllu því sem betur má fara þrátt fyrir góðan árangur.

Reykjavíkurborg kynnti í nóvember sl. nýja menntastefnu til ársins 2030. Ágætis samhljómur er á milli þeirra þátta sem Gullborg hefur að leiðarljósi í sínum störfum og megináherslum stefnunnar. Í starfsáætluninni er fjallað um virkilega áhugavert samstarfsverkefni við Grandaborg og Ægisborg sem snýr að sjálfseflingu barna og starfsmanna.

Helstu áskoranir næstu ára eru úrbætur á starfsmannaaðstöðu og fækkun leikskólaplássna þrátt fyrir fyrirsjáanlega fjölgun barna.

Starfsáætlunin tiltekur að búið er að leggja fram tillögur til skóla- og frístundaráðs varðandi breytingar á húsnæði gulu deildar með það fyrir sjónum að bæta starfsmannaaðstöðu. Þetta mun hafa í för með sér fækkun plássna á leikskólanum. Foreldraráð hefur fullan skilning á þörf leikskólans til að bæta aðstöðuna, sem nú er bágborin, og endurspeglast hún í könnun á starfsánægju starfsmanna. Hins vegar er frekari fækkun plássna áhyggjuefni, sérstaklega í ljósi þess að einungis er ár síðan heil deild var lögð niður við leikskólann. Verið er að ljúka við byggingu 78 íbúða við Keilugranda og hafa engin áform verið kynnt af hálfu

Reykjavíkurborgar um hvernig eigi að koma til móts við þau börn sem þangað flytja varðandi leikskólavist. Ungbarnadeildir hafa hvorki verið virkar á Gullborg né Grandaborg þar sem yngri börn komast ekki inn á leikskólana sökum skorts á plássum í hverfinu þar sem eldri börn hafa forgang. Er þetta í trássi við aðgerðaráætlun meirihlutans í borginni sem kynnt var í mars 2018 þar sem stefnt er að því að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla á sex árum. Ljóst er að ávarpa verður þá stöðu sem komin er upp í leikskólamálum hverfisins áður en langt um líður.

Foreldraráð tekur undir þær áherslur sem fram koma í starfsáætluninni en vill þó vekja athygli á því að áhugavert væri að taka með kerfisbundnum hætti inn í starfs leikskólans



þætti eins og fjölbreytta hreyfingu, ögrandi og krefjandi útivist og slökun og hvíld sem getið er um í aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011. Ráðið hlakkar til að fylgjast með frekari framgangi þess metnaðarfulla starfs sem á sér stað innan veggja skólans á komandi skólaári.

f.h. foreldraráðs

Heiður Margrét Björnsdóttir

Hildur Droplaug Pálsdóttir



